

## TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2006/72/EB

2009/EES/71/05

frá 18. ágúst 2006

um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja í því skyni að laga hana að tækniframförum (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/24/EB frá 18. mars 2002 um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 92/61/EBE <sup>(1)</sup>, einkum 17. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 97/24/EB frá 17. júní 1997 um tiltekna íhluti í vélknúnum ökutækjum sem eru á tveimur eða þremur hjólum og sérkenni slíkra ökutækja <sup>(2)</sup>, einkum 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Tilskipun 97/24/EB er sértilskipun innan ramma EGerðarviðurkenningaraðferðarinnar sem mælt er fyrir um í tilskipun 2002/24/EB.
- 2) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/51/EB frá 19. júlí 2002 um að draga úr losun mengandi efna frá vélknúnum ökutækjum á tveimur eða þremur hjólum og um breytingu á tilskipun 97/24/EB <sup>(3)</sup> voru sett ný viðmiðunarmörk fyrir losun að því er varðar bifhjól á tveimur hjólum sem taka gildi í tveimur áföngum.
- 3) Heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2, „Mæliaðferðir fyrir bifhjól á tveimur hjólum, sem búin eru hreyfli með rafkveikju eða þjöppukveikjuhreyfli, að því er varðar losun mengandi lofttegunda, losun koltvísyrings og eldsneytiseyðslu“, hefur verið tekin upp í því skyni að mynda heimsmarkað fyrir bifhjól. Hún miðar að því að samræma á heimsvísu losunarprófunaraðferðir sem notaðar eru við gerðarviðurkenningu á bifhjólum. Hún er enn fremur löguð að nýjustu tækniframförum og tekur tillit til sértækra einkenna bifhjóla.

- 4) Í samræmi við 5. mgr. 8. gr. tilskipunar 2002/51/EB skal taka upp prófunaraðferðina í heildartæknireglugerð nr. 2 ásamt nýrri röð viðmiðunarmarka. Prófunaraðferðin skal tekin upp sem annars konar gerðarviðurkenningaraðferð sem framleiðandi getur valið fyrir annan skyldubundna áfangann í tilskipun 2002/51/EB. Nýju viðmiðunarmörkin skulu sett í tengslum við annan skyldubundna áfanga tilskipunar 2002/51/EB. Því mun ekki slakna á kröfum um losun frá bifhjólum.
- 5) Því ber að breyta tilskipun 97/24/EB til samræmis við það.
- 6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndar um aðlögun að tækniframförum sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 70/156/EBE <sup>(4)</sup>.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. gr.

Ákvæðum 5. kafla II. viðauka við tilskipun 97/24/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnisýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 2007. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu milli viðkomandi ákvæða og þessarar tilskipunar.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá 1. júlí 2007.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtuð. ESB L 227, 19.8.2006, bls. 43. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2007 frá 27. apríl 2007 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 38, 9.8.2007, p. 8.

<sup>(1)</sup> Stjtuð. EB L 124, 9.5.2002, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2005/30/EB (Stjtuð. ESB L 106, 27.4.2005, bls. 17).

<sup>(2)</sup> Stjtuð. EB L 226, 18.8.1997, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2006/27/EB (Stjtuð. ESB L 66, 8.3.2006, bls. 7).

<sup>(3)</sup> Stjtuð. EB L 252, 20.09.2002, bls. 20.

<sup>(4)</sup> Stjtuð. EB L 42, 23.2.1970, bls. 1. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/40/EB (Stjtuð. ESB L 161, 14.6.2006, bls. 12).

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi tekur til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 18. ágúst 2006.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Günter VERHEUGEN

*varaforseti.*

---

## VIÐAUKI

Ákvæðum 5. kafla II. viðauka við tilskipun 97/24/EB er breytt sem hér segir:

1) Í lið 2.2.1.1 bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Framleiðandi getur valið að nota prófunaraðferðina, sem mælt er fyrir um í heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2 (\*), fyrir bifhjól í stað prófunaraðferðarinnar sem vísað er til hér að framan. Ef aðferðin, sem mælt er fyrir um í heildartæknireglugerð nr. 2, er notuð skal ökutækið uppfylla losunarmörkin sem kveðið er á um í línu C í töflunni í lið 2.2.1.1.5 og öll önnur ákvæði þessarar tilskipunar að undanskildum liðum 2.2.1.1.1 til 2.2.1.1.4 í þessum viðauka.

(\*) Heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2, „Mæliaðferðir fyrir bifhjól á tveimur hjólum sem búin eru hreyfli með rafkveikju eða þjöppukveikjuhreyfli að því er varðar losun mengandi lofttegunda, koltvísýrings og eldsneytisnotkunar“ (EBE/TRANS/180/Add2 frá 30. ágúst 2005).“

2) Í töflunni í lið 2.2.1.1.5 í þættinum „Viðmiðunarmörk fyrir bifhjól (á tveimur hjólum) með tilliti til gerðarviðurkenningar og samræmis framleiðslu“ bætist eftirfarandi lína C við á eftir línu B:

„C (2006 — Heildartæknireglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 2)	$v_{\max} < 130$ km/klst.	2,62	0,75	0,17
	$v_{\max} \geq 130$ km/klst.	2,62	0,33	0,22“